

Fundargerð

**244. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
mánudaginn 28. nóvember 2022, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Birgir Finnsson og Ásdís Gíslason.

Fundargerð ritaði: Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi.

1. Eigendastefna Reykjavíkurborgar - 2204003

Eigendastefna Reykjavíkurborgar var lögð fram á síðasta fundi. Þorsteinn Gunnarsson borgarritari og Helga Hlín Hákonardóttir ráðgjafi gera grein fyrir stefnunni.

Niðurstaða

Kynning

Gestir

Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi frá Strategíu -

Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar -

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari -

2. 9 mánaða uppgjör SHS 2022 - 2211008

Árshlutauppgjör SHS vegna janúar - september 2022 tekið til umfjöllunar.

Niðurstaða

Engar athugasemdir gerðar við 9 mánaða uppgjör.

Gestir

Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri -

Fylgiskjöl

SHS 244 2.1 9 mánaða uppgjör 2022.pdf

3. Búseta í atvinnuhúsnæði - 2106008

Kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar brunans á Bræðraborgarstíg 1 og þeirrar úrbótavinnu sem hófst í kjölfar hans lauk í febrúar á þessu ári en skýrsla með helstu niðurstöðum var gefin út í apríl 2022. Fyrirhugað

verklag vegna eftirfylgni kynnt og lagt fyrir stjórn til samþykktar.

Niðurstaða

Stjórn samþykkti verklag sem var kynnt

Gestir

Aldís Rún Lárusdóttir, sviðsstjóri forvarnasviðs -

Fylgiskjöl

SHS 244 3.1 Búseta í atvinnuhúsnæði - minnisblað nóvember 2022.pdf

4. Árleg endurskoðun brunavarnaáætlunar - 2208006

Farið yfir gögn send Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna endurskoðunar á brunavarnaáætlun v. ársins 2021.

Niðurstaða

Kynning

Fylgiskjöl

SHS 244 4.1 Endurskoðun BVÁ SHS 2021

5. Ný slökkvistöð - 2211009

Um margra ára skeið hefur staðið til að byggja nýja slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi vegna bágrar staðsetningar þeirrar stöðvar m.t.t. viðbragðstíma. Farið yfir ferli og stöðu þess máls.

Niðurstaða

Kynning

6. Ný björgunarmiðstöð Íslands - 2103003

Farið yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaðar höfuðstöðvar viðbragðsaðila og nýja björgunarmiðstöð.

Niðurstaða

Kynning

7. Önnur mál - 2208008

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:30.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Pór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

